



FUNDARGERÐ
4. fundur Húsakynna bs
haldinn á Laugalandi, 16. júlí 2019
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Hjalti Tómasson, Guðmundur Gíslason, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Heimir Hafsteinnsson, Þórhallur Svavarsson, Klara Viðarsdóttir og Guðni Kristinnsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Steindór Tómasson forfallaðist og ekki náðist að boða varamann.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 16072019 - 1907046

Yfirlit um rekstur janúar-júní 2019

KV fór yfir rekstur Húsakynna fyrri hluta ársins 2019.

2. Framkvæmdaáætlun 2019 - 1810056

Staða mála varðandi framkvæmdir ársins.

2.1 Bílapan á Laugalandi

Ekki bærust tilboð í verkið innan þess tímafrests sem var gefinn. Samþykkt samhljóða að framlengja tímafrest til 26. júlí n.k.

2.2 Gólf íþróttahúss

Gerðar hafa verið mælingar á sigi gólfsins og enn sem komið er bendir ekki til að breytingar hafi orðið á síðasta ári. Áfram þarf þó að taka fleiri mælingar næsta vetur til að ganga úr skugga um þetta. Málið er því áfram í ferli.

2.3 Utanhússviðgerðir íbúðaálmu.

Farin var vettvangsferð og aðstæður skoðaðar. Fyrir liggur að vesturhlið hússins er nokkuð illa farin og því þarf að taka ákvörðun um hvort rétt sé að klæða hliðina, með samskonar efni og er á nýjasta hluta Laugalandshúsanna, í stað múrviðgerða. Fyrir liggur tilboð í verkið. Samþykkt að taka því og HH falið að setja málið í farveg. Verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.

2.4 Leiksvæði fyrir leikskóla.

Tillaga liggur fyrir að girða af nýtt leiksvæði fyrir Leikskólann vestan við byggingarnar á Laugalandi. Haft hefur verið samráð við leikskólastjóra um útfærsluna.

Kostnaðaráætlun liggur fyrir og verkefnið er talið rúmast innan fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða að ráðast í verkefnið og HH falið að óska eftir verðtilboðum.

3. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 1601012

Lagfæringar á húsi í Þóristungum


Lagðar fram til kynningar myndir af húsinu í Þóristungum sem nú hefur tekið algjörum stakkaskiptum. VV mun á næstu vikum láta taka út framkvæmdirnar með formlegum hætti.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.


Hjalti Tómasson


Guðmundur Gíslason


Guðrún Guðmundsdóttir
Yfirkvæmdingur


Ágúst Björnsson

Kjara Vidarsd
Henni Hafsten
Guðn. G. Þ.